

Starfsmenn Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu sem veita stoð- og stuðningsþjónustu

Markmið

1. gr.

Með reglum þessum er leitast við að ná því markmiði að ráða fólk til starfa í stoð- og stuðningsþjónustu sem hefur reynslu af heimilis- og umönnunarstörfum. Einnig skal stefnt að því að sem flestir starfsmenn hafi lokið sérstökum námskeiðum fyrir starfsfólk sem starfar við stoð- og stuðningsþjónustu. Reglur þessar byggja á VII kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, 8. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og 57. gr. sveitastjórnarlaga nr. 45/1998.

Laun og kjör

2. gr.

Starfsmenn er veita stoð- og stuðningsþjónustu taka laun samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga, FOSS eða Verkalýðsfélags Suðurlands.

Sakavottorð

3. gr.

Skilyrði þess að umsækjandi fái ráðningu í starf er að hann skili inn sakavottorði.

Þagnarskylda

4. gr.

Við undirritun ráðningarsamnings skal starfsmaður undirrita þagnarheit. Starfsmenn bera þagnarskyldu er varðar störf sín og er óheimilt að fjalla um einkahagi þjónustunotanda nema með skriflegu samþykki hans. Starfsmönnum ber þó að láta yfirmann vita ef þeir verða varir við versnandi heilsufar þjónustunotanda líkt og minnisglöp o.s.frv. Þagnarskylda helst eftir að viðkomandi lætur af störfum.

Lyklar

5. gr.

Ef starfsmaður þarf lykil að heimili þjónustunotanda skulu starfsmaður og notandi koma sér saman um hvar lykillinn skuli geymdur. Kveðið skal á um það í stuðningsáætlun og haldin skal skrá yfir notkun lykilsins. Sama gildir um raflása.

Gjafir

6. gr.

Starfsmönnum er óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þjónustunotendum.

Vinnutími

7. gr.

Vinnutími starfsmanna er að jafnaði dagvinnutími, mánudaga til föstudaga. Ekki er um kvöld og helgarþjónustu að ræða.

Gildistaka

8. gr.

Reglur þessar taka gildi (dagsetning, ár)